



Akraneskaupstaður

Akraneskaupstaður
bt. bæjarstjórnar
Stillholti 16-18
300 Akranes

Akranesi, 4. október 2017
1405059 SPH/hs

Efni: Deilisk. Dalbraut - Þjóðbraut

Á fundi skipulags- og umhverfisráðs, sem haldinn var þann 2. október 2017, var fjallað um tillögu að breytingu á deiliskipulagi Dalbrautarreits sem var auglýst skv. 41. gr. skipulagsлага nr. 123/2010 þann 20. júlí 2017. Athugasemdafretur var til 7. september 2017.

Tvær athugasemdir bárust.

Bókun skipulags- og umhverfisráðs.

a) Athugasemd dags. 26. júlí 2017 frá Berglindi Ernu Þórðardóttur og Jes Friðrik Jessen Dalbraut 15.

b) Athugasemd dags. 31. ágúst 2017 frá stjórn FEBAN.

Skipulags- og umhverfisráð samþykkir framlagða greinargerð sviðsstjóra dags. 2. október 2017 sem svör við framkomnum athugasendum við deiliskipulagið og vísar henni til staðfestingar í bæjarstjórn.

Skipulags- og umhverfisráð samþykkir eftirtaldar breytingar á deiliskipulagstillöggunni:

Með hliðsjón af athugasendum, sem bárust á auglýsingatímanum, samþykkir skipulags- og umhverfisráð eftirtaldar breytingar á auglýstri tillögu að deiliskipulagi Dalbrautarreits:

-Vesturálmur Dalbrautar 6 og 8 verði lækkaðar þannig að þær verði þriggja hæða með efstu hæð inndregna. Með breytingunni minnkar skuggavarp á nálægar lóðir verulega. Byggingarmagn er minnkað um rúmlega 700 m² og íbúðum fækkað um 8 (miðað við um 90 m² meðalstærð).



Akraneskaupstaður

-Dalbraut verði útfærð miðað við hámarkshraða 30 km/klst. Með því verður umferðaröryggi aukið og komið í veg fyrir hraðakstur í götunni.

- Breyting á skilmálum Dalbrautar 4, kafli 3.3.4: Heimilt verði að auka lofhæð á allri jarðhæð Dalbrautar 4 þannig að gólf verði sem næst í gangstéttarhæð og bílakjallari alveg niðurgraffinn. Breytingin felur hvorki í sér aukið byggingarmagn né hækjun húss.

Tillagan er í samræmi við sambærileg svæði á miðsvæðum og er svo breytt ekki talin fela í sér verulega skerðingu eða inngríp í aðstöðu nágranna og eignaréttindi. Ný þétt og blönduð byggð á svæðinu mun hafa jákvæð áhrif á íbúaþróun, húsnæðismál og atvinnulíf á Akranesi og er það vegið á móti neikvæðum áhrifum á nálæga íbúðarbyggð vestan Dalbrautar.

Skipulags- og umhverfisráð leggur til við bæjarstjórn að deiliskipulagstillagan svo breytt verði samþykkt sbr. 41. gr. skipulagslaga nr. 123/2010, send Skipulagsstofnun til yfirferðar og auglýsing um gildistöku hennar birt í B-deild Stjórnartíðinda eftir að breyting á aðalskipulagi sama svæðis hefur verið staðfest.

Jafnframt er eldra deiliskipulag svæðis milli Dalbrautar, Stillholts og Þjóðbrautar, sem samþykkt var 12. desember 2006 með síðari breytingum, fellt úr gildi.

Þar sem breytingar frá auglýstri tillögu eiga ekki við meginatriði tillögunnar, fela í sér minnkað byggingarmagn og draga úr neikvæðum áhrifum á aðliggjandi byggð þarf ekki að auglýsa tillöguna að nýju.

Virðingarfyllst,

Sigurður Pál Harðarson
sviðsstjóri

Meðf.: Deiliskipulagsuppráttur
Skýringaruppráttur
Greinargerð sviðstjóra